



Minnisblað

Til: Framkvæmdastjóra SSH

Frá: Jóni Kjartani Ágústssyni Svæðisskipulagsstjóra

Efni: Sóknaráætlun - Loftslagsstefna fyrir höfuðborgarsvæðið – lok verkefnis

Dags: Janúar 2022

- Í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 er kveðið á um þá megináherslu að minnka kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins með áherslu á að kolefnislosun- og binding verði skilgreind og mælingu lokið fyrir árið 2022.
- Á 493. fundi stjórnar var samþykkt áhersluverkefnið „*Frumdrög að loftslagsstefnu*“ og ákveðið að hefja mælingu á kolefnisfótspori höfuðborgarsvæðisins sem yrði notað sem forsenda fyrir frekari stefnuvinnu.
- Á 518. stjórnarfundum var farið yfir stöðu vinnunnar og eftirfarandi bókað í fundargerð: *Stjórn SSH telur mikilvægt að unnin verði sameiginleg loftslagsstefna fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu*.
- Þann 22.02.2021 var haldinn kynningarfundur á netinu um verkefni sóknaráætlunar og meðal umfjöllunarefna var staða vinnunnar við mælingu kolefnisfótspors höfuðborgarsvæðisins.
- Á 523. fundi stjórnar var skýrsla um kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins lögð fyrir og eftirfarandi niðurstaða bókuð í fundargerð: *Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur sem lagðar eru fram í minnisblaði dags. 12. apríl 2021 og að vinnunni verði haldið áfram á grunni þeirra. Niðurstaða fundarins verði send sveitarfélögunum til kynningar og fylgt eftir með frekari kynningum óski sveitarfélögin eftir því*. Skýrslan var í kjölfarið send aðildarsveitarfélögum til umræðu og kynningar. Í ofanefndu minnisblaði dags. 12. apríl hafði verið lagt til að ráðinn yrði verkefnastjóri til að sinna eftirfarandi verkefnum:
 - Safna saman yfirstandandi verkefnum ríkis og sveitarfélaga sem stuðla að samdrætti í útblæstri.
 - Rýna sérstaklega stærstu losunarflokka vegsamgöngur og sjóflutninga og útbúa tillögur að aðgerðum sem stuðla að samdrætti í útblæstri.
 - Móta drög að einfaldri sameiginlegri loftslagsáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið.
- Þann 30.04.2021 var haldinn kynningar og umræðufundur á netinu fyrir kjörna fulltrúa um niðurstöður skýrslunnar *kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins*.
- Ráðgjafastofan Environice var ráðin til að sinna gerð loftslagsstefnunnar. Sveitarfélögin skipuðu fulltrúa í bakhóp til að aðstoða við vinnunna og fundaði hópurinn á 2 – 4 vikna fresti frá því vinna hófst í september 2021.
- Drög að loftslagsstefnu liggur nú fyrir. Hún er sett fram á tveimur blaðsíðum og lagt til að stefnt verði að kolefnishlutleysi svæðisins árið 2035. Jafnframt eru sett fram 13 markmið sem geti stuðlað að kolefnishlutleysi. Útfærsla markmiðanna mun hins vegar eiga sér stað á vettvangi hvers sveitarfélags fyrir sig.
- Með stefnunni fylgir skýrsla þar sem tekin eru saman helstu verkefni ríkis og sveitarfélaga sem stuðla að samdrætti, ásamt dæmi um aðgerðir sem sveitarfélögin geti komið til framkvæmda við gerð eigin loftslagsaðgerða.
- Stefna og skýrsla eru lögð fram til stjórnar SSH og lagt til að drögin verði send til aðildarsveitarfélaga til umræðu og umsagnar. Samhliða fari fram kynning á drögum hjá hverju sveitarfélagi.